

GÓÐ RÁÐ UM FJARFUNDI

Nú á tímum veirusýkinga hefur fjarfundum fjölgað og því vert að rifja upp nokkur góð ráð.

Á fjarfundum jafnt sem öðrum fundum eiga allar almennar aðferðir fundarstjórnunar við. Í raun eru þær enn mikilvægari þegar um fjarfundi er að ræða þar sem samskipti og skynjun þátttakenda er takmörkuð.

Hér er stiklað á því helsta sem ber að hafa í huga:

1. Tækni

- ✓ Kynnið ykkur tæknina sem í boði er á ykkar vinnustað og prófið hana fyrir fund
- ✓ Kynnið ykkur hvernig skjölum er deilt á skjánum
- ✓ Gott er að notast við hópvinnukerfi eins og t.d. *Teams* sem fylgir office pakkanum
- ✓ Betra er að hafa mynd (video)
- ✓ Þátttakendur stilli hljóðnemann á hljóðlaust (mute) þegar þeir eru ekki að tala
- ✓ Kynnið ykkur [þessi námskeið](#) um fjarvinnu þau eru öllum opin og ókeypis

2. Undirbúningur

- ✓ Sendið skýra dagskrá og markmið fundar með fundarboði eða á hópvinnukerfi
- ✓ Leggið áherslu á að þátttakendur hafi næði og ef hægt er noti heyrnartól og hljóðnema

3. Skipulag fundar

- ✓ Fundarstjórnun þarf að vera skýr, ef ekki er um hefðbundinn fundarstjóra að ræða þarf að skilgreina hver hafi það hlutverk að leiða samtalið og tryggja þátttöku allra
- ✓ Gott er að þátttakendur setji sér sameiginlegar reglur um samskipti á fundinum

4. Helgun

- ✓ Mikilvægt er að tryggja að fólk missi ekki athyglina og fari að sinna öðrum málum, s.s. að svara tölvupóstum o.þ.h.
- ✓ Góð leið til að virkja þátttakendur er að spyrja beint hvað þeim finnst um ákveðin málefni eða að láta umræðuna ganga á milli þeirra
- ✓ Gott er að vinna í sameiginlegum skjölum eða fá þátttakendur til að kynna sín sjónarmið myndrænt á sameiginlegum skjá

- ✓ Hægt er að nota spjallglugga til að stýra mælendaskrá, einkum þegar um fjölmenna fundi er að ræða
- ✓ Virðið tímamörk í umræðum, byrjið og endið fundi á tilsettum tíma

5. Í lok fundar

- ✓ Dragið saman helstu umræður fundarins, ákvarðanir og næstu skref
- ✓ Skilgreinið ábyrgðaraðila og tímasetningar
- ✓ Sendið út fundargerð að fundi loknum þar sem umrædd atriði koma skýrt fram

Gangi ykkur vell!